

Nd.

151. Frumvarp

til laga um bann við því, að bankar og aðrar lánstofnanir greiði hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands ákveður.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Engir bankar, sparisjóðir eða aðrar peningastofnanir, sem rétt hafa til sparisjóðsstarfsemi, mega greiða hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands ákveður. Gildir þetta jafnt, hvort sem um er að ræða fé i venjulegum viðskiptabókum stofnunarinnar, á innláns-skirteinum, hlaupareikningi eða til ávöxtunar á annan sérstakan hátt.

2. gr.

Nú hefir peningastofnun tekið við fé til ávöxtunar á innláns-skirteini eða á annan hátt með sérstökum samningi, áður en lög þessi öðlast gildi, með hærri vöxtum en lög þessi leyfa, og skulu þeir þá standa óhaggaðir til næsta gjald-daga, þó eigi lengur en sex mánuði frá því að lög þessi öðluðust gildi.

3. gr.

Lög þessi ná ekki til söfnunarsjóðs Íslands.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10000—100000 kr. Mál, sem rísa kann af lögum þessum, skal farið með sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ástæður að frumvarpi þessu eru þær, að nauðsyn ber til þess nú á tímum að lækka útlánsvöxtu. Aðalráðið til þess er það, að lækka vöxtu af innstæðufé. En því aðeins myndi því ráði mega verða framgengt, að engin lánstofnun geti dregið til sín innstæðu með því að bjóða hærri vöxtu en Landsbankinn ákveður.